

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 19. apríl 2023

Mál nr. S-5706/2022:

Ákærvaldið

(Kristín Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Elvari Má Halldórssyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Dómur

A.

Ákæra, dómkröfur og fleira:

Mál þetta, sem var dómtekið 14. apríl 2023, var upphaflega höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 6. desember 2022, á hendur Elvari Má Halldórssyni, kt. [...], [...], Reykjavík. Síðari ákæran á hendur ákærða var gefin út af sama lögreglustjóra 4. janúar 2023 og voru málin sameinuð við þingfestingu 2. febrúar sama ár.

Samkvæmt fyrri ákærunni eru ákærða gefin að sök eftirtalin brot:

„1. [...] skjalafals og umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 26. desember 2021, í félagi við þekktan aðila, stolið skráningarnúmerunum [...], sem tilheyrðu hvítri bifreið af gerðinni Toyota Yaris, og í blekkingarskyni sett þau á hvíta bifreið af gerðinni Toyota Yaris, sem bera átti skráningarnúmerin [...] og ekið henni þannig á röngum skráningarkerkjum, sviptur ökurétti og undir áhrifum ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóðsýni mældist amfetamín 650 ng/ml, klónazepam 14 ng/ml, nítazepam 22/ml og tetrahýdrókannabínól 5,7 ng/ml) um Sólvallagötu í Reykjavík, við hús nr. [...], þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

M.007-2021- [...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 157. gr. [...] almennra hegningarlaga nr. 19/1940, [og] 2. mgr. 48. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 19/1940.

2. Umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 24. janúar 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 20 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 9,3 ng/ml) um Arnarbakka í Reykjavík, við Leirubakka, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

3. Umferðarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 11. mars 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 865 ng/ml) um Vesturlandsveg í Reykjavík, til norður, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

4. Nyttjastuld, umferðar-, lögreglu og fíkniefnalagabrot, með því að hafa, laugardaginn 2. apríl 2022, í félagi við þekktan aðila, tekið bifreiðina [...] í heimildarleysi frá A, [...] í Reykjavík og ekið henni sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 335 ng/ml og kókaín 33 ng/ml) um Sæbraut í Reykjavík, þar sem lögregla hugðist hafa afskipti af ákærða en ákærði virti að vettugi stöðvunarmerki lögreglu sem gefin voru með ljós- og hljóðmerkjum lögreglubifreiðar og jók þess í stað hraða bifreiðarinnar til vesturs, þar sem hann ók bifreiðinni án nægilegrar tillitssemi og varúðar miðað aðstæður og hraðatakmarkanir, á áætluðum 110 kílómetra hraða á klukkustund, þar sem leyfður hámarkshraði var 60 kílómetrar á klukkustund. Í kjölfarið hófst eftirför lögreglu, en ákærði ók bifreiðinni gegn rauðu ljósi á gatnamótum Sæbrautar og Frakkastígs, gegn einstefnu á Lindargötu við hús nr. [...] og þvert yfir bifreiðastæði milli húsa nr. [...] við Lindargötu, stöðvaði þar bifreiðina og í kjölfarið hlaupið á brott án þess að hlýða ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að stöðva en lögregla hafði afskipti af ákærða á Lindargötu, við hús nr. [...], og á sama tíma haft í vörslum sínum 15,83 g af amfetamíni.

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1.-3. og 6. mgr. 7. gr., 2. mgr. 37. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr.

94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, 19. gr., sbr. 44. gr. laga nr. 90/1996 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

5. Umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 3. maí 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti um Höfðabakka í Reykjavík, við Fálkabakka, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

6. Umferðarlagabrot með því að hafa, laugardaginn 28. maí 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 825 ng/ml) um Írabakka í Reykjavík, við [bifreiðastæði] við Írabakka [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

7. [...] nytjastuld og umferðarlagabrot með því að hafa, [aðfaranótt] þriðjudagsins 4. október 2022, í félagi við þekktan aðila, brotist inn í B að [...] í Reykjavík og stolið þar kveikjuláslyklum af bifreiðunum [...] og [...], tekið bifreiðirnar í heimildarleysi og ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóðsýni mældist amfetamín 695 ng/ml, etizólam 27 ng/ml og klónazepam 22 ng/ml) um Naustavog í Reykjavík, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða og þannig haldið bifreiðunum ólöglega frá lögmætum eigendum sínum þrátt fyrir að ákærði vissi eða mátti vita að um þýfi væri að ræða.

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við [...] 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 48. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

8. Rangar sakargiftir með því að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða, í því tilviki sem lýst er í 7. ákærulið, gefið upp nafn og kennitölu C, kt. [...], sem sitt fullt nafn og þannig leitast við að koma því til leiðar að C yrði sakaður um refsiverðan verknað.

M. 007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

9. Þjófnað með því að hafa, föstudaginn 7. október 2022, brotist inn í skartgripaverslunina D, [...] í Reykjavík, og stolið þaðan skartgripum að verðmæti 2.000.000 [króna].

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar [samkvæmt] 99. og 101. gr. laga nr. 77/2019. Krafist er upp-töku á 15,83 g af amfetamíni[,] sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.“

Samkvæmt síðari ákærinni eru ákærða gefin að sök eftirtalin brot:

„1. [...].

2. Þjófnað, með því að hafa miðvikudaginn 20. apríl 2022, í félagi við þekktan aðila, brotist inn í E, við [...] í Reykjavík, og stolið verkfæraskáp að verðmæti 169.274 kr. og verkfærum að óþekktu verðmæti.

M. 007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. [...].

4. Þjófnað, með því að hafa sunnudaginn 24. júlí 2022, í félagi við þekktan aðila, brotist inn í veitingastaðinn F, við [...] við [...] í Ölfusi, og stolið þaðan iPad spjaldtölvu að verðmæti 67.169 kr., reiðufé að upphæð 10.000 kr., kassa af kók og sölukvittanabók með söluleyfum að óþekktu verðmæti.

M. 318-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Þjófnað, með því að hafa fimmtudaginn 28. júlí 2022, í félagi við þekktan aðila, brotist inn í verslun G við [...] í Reykjavík, og stolið þaðan tveimur hlaupahjólum að gerðinni Dualtron Thunder og Dualtron Victor samtals að verðmæti 929.990 kr. og fatnaði samtals að verðmæti 79.990 kr.

M. 007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Nytjastuld, með því að hafa mánudaginn 3. október 2022 í heimildarleysi nýtt sér bifreiðina [...] í eigu H hf., þar sem hún stóð við [...] í Reykjavík og ekið henni þaðan, en bifreiðin fannst utan vegar í Árskógum, út frá Skyggisbraut í Reykjavík miðvikudaginn 5. október 2022.

M. 007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

7. Umferðar- og fíkniefnalagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 5. október 2022 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 560 ng/ml og kókaín 24 ng/ml) um Naustavog í Reykjavík, við Súðavog, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða og á sama tíma haft í vörslum sínum 3,12 g af amfetamíni sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða.

M.007-2022-[...]

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar [samkvæmt] 99. og 101. gr. laga nr. 77/2019. Krafist er upp-töku á 3,12 g af amfetamíni, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum.“

Ákærvaldið féll að hluta frá liðum 1 og 7 í fyrri ákæru eftir þingfestingu. Að auki féll ákærvaldið frá 1. og 3. lið í síðari ákæru eftir þingfestingu. Að öðru leyti er málatilbún-aðurinn óraskaður og gerir ákærvaldið sömu dómkröfur og greinir í ákærum. Ákærði

játar sök samkvæmt 2., 3., 5., 6., 7. og 8. lið í fyrri ákæru og hið sama á við um 7. lið í síðari ákæru. Hann játar sök samkvæmt 1. lið í fyrri ákæru, að því er varðar umferðarlagabrot, en neitar sök um skjalafals. Þá játar hann sök samkvæmt 4. lið í fyrri ákæru, að því frátöldu að hann neitar sök um meintan nytjastuld. Ákærði neitar alfarið sök samkvæmt 9. lið í fyrri ákæru og 2., 4., 5. og 6. lið í síðari ákæru. Hann krefst aðallega sýknu af þeim liðum ákæra þar sem hann neitar sök. Að öðru leyti krefst ákærði vægustu refsingar og að refsingin verði skilorðsbundin að öllu leyti. Ákærði samþykkir kröfu um upptöku á haldlögðum fíkniefnum. Þá er þess krafist að skipuðum verjanda verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun og að sakarkostnaður verði að hluta felldur á ríkissjóð.

B.

Málsatvik:

1.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Aðfaranótt 26. desember 2021 barst tilkynning símleiðis til lögreglu um að tvær manneskur væru að stela skráningarmerkjum, [...], af hvíttri Toyota Yaris-fólksbifreið sem lagt var í bifreiðastæði á [...] í Reykjavík. Fylgdi tilkynningunni að skráningarmerkin hefðu verið fest á aðra hvíta bifreið af sömu tegund sem var ekið á brott. Stuttu síðar urðu lögreglumenn varir við bifreiðina þar sem henni var ekið um [...] og Hringbraut. Var bifreiðinni veitt eftirför uns aksturinn var stöðvaður á Sólvallagötu. Ákærði reyndist vera ökumaðurinn og var farþegi með honum í bifreiðinni, I. Höfðu þau leitast við að hafa sætaskipti í bifreiðinni áður en lögregla kom á staðinn. Voru þau bæði í annarlegu ástandi og ósátt við afskipti lögreglu. Þau voru handtekin og færð á lögreglustöð. Um málsatvik vísast að öðru leyti til verknaðarlýsingu ákæru. Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að téð bifreið, sem ákærði var að aka, var með skráningarnúmerið [...] samkvæmt ökutækjaskrá. Tilheyrði bifreiðin fyrrverandi vinnuveitanda ákærða. Þá reyndust skráningarmerki með fyrrgreindu númeri vera í farangursrýminu. Við skýrslutöku síðar sama dag neitaði ákærði meðal annars að hafa tekið téð skráningarmerki af annarri bifreið og notað þau merki við akstur á þeirri bifreið sem tilheyrði fyrrum vinnuveitanda hans. Hið sama kom fram hjá I. Meðal gagna er ljósmynd frá tilkynnanda á [...] þar sem tvær manneskur virðast vera að eiga við kyrrstæða hvíta bifreið af fyrrgreindri tegund.

2.

Varðandi 4. lið í fyrri ákæru:

Aðfaranótt 2. apríl 2022 urðu lögreglumenn varir við akstur bifreiðarinnar [...] þar sem henni var ekið vestur Sæbraut, á vegarkafli frá Klettagörðum í Reykjavík. Var ákveðið

að fara á eftir bifreiðinni og stöðva för ökumanns og kanna með ástand og ökuréttindi. Ökumaður sinnti ekki merkjagjöf lögreglu þegar honum var veitt eftirför og jók ökuhraðann uns hann nam staðar við Frakkastíg. Ökumaður og farþegi reyndu að koma sér undan afskiptum lögreglu með því að hlaupast á brott. Voru þau handtekinn stuttu síðar. Reyndist ákærði vera ökumaðurinn og fyrrgreind I reyndist vera farþeginn. Ákærði var yfirheyrdur hjá lögreglu síðar sama dag og greindi meðal annars frá því að hafa tekið umrædda bifreið frá geymslusvæði A og ekið henni í umrætt skipti uns hann var handtekinn. Bifreiðin hefði verið á [...] og ákærði náð að gangsetja hana með vírum og ekið henni með fyrrgreindum hætti. Við skýrslutöku af I sama dag kom meðal annars fram að ákærði hefði fengið bifreiðina að láni. Um önnur málsatvik vísast til verknaðarlýsingar í 4. lið ákærunnar.

3.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Að morgni 7. október 2022 barst tilkynning til lögreglu um yfirstandandi innbrot í skartgripaverslun sem greinir í verknaðarlýsingu þessa liðar ákærunnar. Lögreglumenn fóru með hraði á staðinn og var þjófavarnarkerfi í gangi þegar að var komið. Var búið að brjóta upp og eiga við læsingar á hurð á norðurhlið hússins, auk þess sem búið var að kveikja á ljósum. Verslunin var mannlaus og var búið að opna hirslur og taka úr þeim skartgripi. Þá var slíka muni að finna á gólfi inni í versluninni. Starfsmenn frá öryggisfyrirtæki bar að um líkt leyti, svo og eiganda verslunarinnar, J. Um svipað leyti gaf sig fram við lögreglu vegfarandi sem kvaðst stuttu áður hafa verið að viðra hund í nágrenninu og séð til ferða grunsamlegs manns á rafmagnshlaupahjólum. Gaf hann nánari lýsingu á mannum og ferðum hans. Fyrrgreindur verslunareigandi veitti lögreglu upplýsingar um hvað hefði verið tekið. Þá fengust upplýsingar um að eftirlitsmyndavélakerfi hefði verið í gangi í versluninni.

Rannsóknarlögreglumaður var kallaður til og tók við frekari rannsókn málsins. Þá fór fram rannsókn tæknideildar á vettvangi og eru meðal gagna ítarlegar skýrslur um þá rannsókn ásamt ljósmyndum. Samkvæmt myndefni úr eftirlitsmyndavélum var um að ræða mann í dökkum buxum og úlpu, svörtum skóm og með stóran bakpoka og svartan opinn mótörhjólahjálma á höfði. Var hann fyrir utan verslunina klukkan 05:10 og sást hann brjóta sér leið þar inn fjórum mínútum síðar með því að nota kúbein. Þá sást hann á upptöku ganga um alla verslunina og setja skartgripi í poka. Klukkan 05:20 sást hann brjóta sér leið úr versluninni með kúbeininu eftir að hafa læst sig þar inni. Þá sást hann fara af staðnum á rafmagnshlaupahjólum. Við vettvangsrannsókn var leitað að fingraförum og reyndist blóðkám vera á ljósrofa á verkstæði.

Grunur beindist að ákærða út frá myndefninu úr versluninni. Var það vegna fyrri lög-regluafskipta þar sem útlit hans og klæðnaður var talinn passa við téðan geranda sem sást á myndefni úr eftirlitsmyndavélum verslunarinnar. Var ákærði handtekinn síðar sama dag á heimili [...] sinnar, fyrrgreindrar I, og færður á lögreglustöð. Í fórum hans fannst armbandsúr sem fyrrgreindur verslunareigandi bar síðar kennsl á og sagði að hefði verið í sýningarglugga verslunarinnar. Ákærði bar af sér allar sakir við handtökuna. Hið sama kom fram við skýrslutöku af honum síðar sama dag. Gerð var húsleit á fyrrgreindum dvalarstað og lagt hald á ýmsa muni. Meðal þess sem lagt var hald á var svartur mótör-hjólahljálmur sem að sögn lögreglu virtist vera sömu gerðar og hjálmurinn á fyrrgreindu myndefni. Einnig var gerð leit á lögheimili ákærða og lagt hald á ýmsa muni.

Samkvæmt upplýsingum sem fengust frá verslunareigandanum reyndist verðmæti þýfis vera um 2.000.000 króna. Samkvæmt niðurstöðu DNA-rannsóknar reyndist sýni úr fyrrgreindu blóðkámi vera með DNA-snið sem var eins og DNA-snið ákærða. Einnig er meðal gagna upplýsingaskýrsla og fylgigögn um símanotkun ákærða þessa nótt, en þar kemur meðal annars fram að farsími hans hafi tengst fjarskiptasendi klukkan 05:18 við Smiðjuveg í Kópavogi og að ætla megi að hann hafi verið norðan megin við Nýbýlaveg og stefnt að Fossvogsdal. Þá hafi sama símanúmer tengst sendi við Smiðjuveg klukkan 04:13 og ætla megi að síminn hafi á þeim tíma verið austan megin við Reykjanesbraut og stefnt að Breiðholti. Þá er meðal gagna ýmiss konar myndefni af ákærða eða manni sem að sögn lögreglu svipar til ákærða, auk myndefnis af bifreiðum og ýmsum munum og fatnaði. Ákærði var yfirheyrður aftur vegna málsins 28. október 2022 og 16. nóvember sama ár, meðal annars út frá sakargögnum. Neitaði hann enn sök. Ekki eru efni til frekari reifunar úr rannsóknargögnum málsins og vísast að öðru leyti til umfjöllunar í niðurstöðukafla, eftir því sem við á.

4.

Varðandi 2. lið í síðari ákæru:

Samkvæmt frumskýrslu barst lögreglu tilkynning um tvö innbrot í sundlaugarmannvirki E. Fyrri innbrotið var talið hafa átt sér stað aðfaranótt 20. apríl 2022 en hið síðara að kvöldi sama dags og fram eftir nóttu 21. sama mánaðar. Voru lögreglu sýndar upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfum. Að sögn tilkynnanda höfðu maður og kona í fyrra skiptið farið inn um dyr á tæknirými og farið um húsnaðið uns þjófavarnarkerfi fór í gang. Þau hefðu þá hraðað sér af staðnum. Þá hefði að líkindum sama fólk verið að verki í síðara

skiptið og spennt upp hurð og farið um húsnæðið um klukkan tíu að kvöldi og haft á brott með sér verkfæraskáp og verkfæri.

Meðal málgagna er lögregluskýrsla og myndefni úr eftirlitsmyndavél frá kl. 04:20 til 05:22 aðfaranótt 20. apríl 2022 sem sýnir tvær manneskjur í sundfötum, mann og konu, að lauga sig á sundlaugarsvæðinu og er maðurinn bæði með og án andlitsgrímu. Að sögn lögreglu var um að ræða ákærða og fyrrgreinda I. Einnig er meðal málgagna sams konar myndefni klukkan 22:09 sama dag sem sýnir tvær manneskjur í vinnufötum með andlitsgrímur inni í téðu húsnæði. Sést meðal annars að verkfæraskápur á hjólum er af annarri þeirra færður til í húsnæðinu og síðar fluttur til með gaffallyftara á útisvæði að sendi-bifreið. Einnig sést á sama myndefni utandyra þegar aðrir munir eru fluttir í bifreiðina. Þá er hluti af téðu myndefni, utandyra, af annarri manneskjunni án andlitsgrímu og sýnir að sögn lögreglu andlit ákærða.

Við rannsókn málsins á síðari stigum fannst fyrrgreindur verkfæraskápur með verkfærum í bifreið ákærða. Voru munirnir í framhaldi haldlagðir og afhentir starfsmanni sundlaugarinnar.

Ákærði gaf þrívægis skýrslu á árinu 2022 með réttarstöðu sakbornings vegna rannsóknar málsins, það er 11. maí, 7. október og 1. nóvember. Ákærði bar af sér allar sakir en kannaðist við sjálfan sig á fyrrgreindu myndefni þar sem hann var að lauga sig ásamt téðri I. I gaf einnig skýrslu með sömu réttarstöðu 11. maí 2022 og 11. nóvember sama ár og bar af sér allar sakir og kvaðst ekki bera kennsl á fólkið í myndefninu. Ekki eru efni til frekari reifunar á rannsóknargögnum og vísast að öðru leyti til umfjöllunar í niðurstöðukafla, eftir því sem við á.

5.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Samkvæmt frumskýrslu barst tilkynning til lögreglu að morgni 24. júlí 2022 um yfirstandandi innbrot á veitingastað sem greinir í þessum lið ákærunnar. Fóru lögreglumenn með hraði á staðinn og hittu fyrir eigendur og starfsmenn. Var þjófavarnarkerfi í gangi og ummerki af þeim toga að einhver virtist hafa brotið sér leið inn í húsnæðið. Fengust upplýsingar um að öryggismyndavélakerfi væri í húsnæðinu, auk þess sem upplýst var um að grunsamlegt fólk væri statt og hefði fest bifreið sína í nálægri [...]. Þá hefði annað þeirra, kona í annarlegu ástandi, gefið sig á tal við starfsfólkið og óskað eftir aðstoð með bifreiðina. Í framhaldi var athugað með fyrrgreint fólk og reyndist það vera ákærði og I. Könnuðust þau ekki við að hafa brotist inn á veitingastaðinn. Var bifreiðin síðan dregin úr [...] með dráttar-bifreið. Um svipað leyti bárust boð um að upptökur úr myndavélakerfi

veitingastaðarins væru til reiðu. Leiddi þetta til þess að lögreglumenn viku frá fólkinu, sem síðan varð til þess að það fór af staðnum og án þess að greiða að fullu fyrir þjónustu dráttarþjónustunnar. Myndefnið sýndi tvær grímuklæddar manneskjur fara inn á veitingastaðinn og að sögn lögreglu var útlit annarrar þeirra, karlmanns, í samræmi við útlit og klæðnað ákærða.

Meðal málgagna er myndefni frá framangreindum veitingastað og upptökubúnaði lögreglu, auk annars myndefnis af sama toga. Þá liggja fyrir lögregluskýrslur um úrvinnslu og greiningu á tólf myndefni og fleira í þeim dúr. Ákærði gaf þrívægis skýrslu við rannsókn málsins með réttarstöðu sakbornings, 7. og 28. október 2022 og 16. nóvember sama ár. Ákærði bar af sér allar sakir og kvaðst ekki kannast við sig á myndefni frá umræddum veitingastað. Þá kannaðist ákærði ýmist við sig á myndefni lögreglu þegar höfð voru afskipti af honum í [...] eða hann kannaðist ekki við sig á myndefninu. Þá var tekin skýrsla af I með sömu réttarstöðu 11. nóvember sama ár og bar hún af sér allar sakir og vildi ekki tjá sig um málið. Meðal gagna er lögregluskýrsla um símtal við eiganda fyrrgreinds veitingastaðar, meðal annars um ætlað þjófnaðarandlag og verðmæti þess. Ekki eru efni til frekari reifunar á rannsóknargögnum og vísast að öðru leyti til umfjöllunar í niðurstöðukafla, eftir því sem við á.

6.

Varðandi 5. lið í síðari ákæru:

Samkvæmt frumskýrslu barst tilkynning aðfaranótt 28. júlí 2022 um innbrot í verslun sem greinir í þessum lið ákærunnar. Fóru lögreglumenn á staðinn og hittu fyrir öryggisverði og starfsmann verslunarinnar. Ummerki voru á staðnum um að einhver hefði brotið sér leið inn í húsnæðið um rafknúna bílskúrsdyr. Samkvæmt upptökum úr öryggismyndavélakerfi höfðu karlmaður og kona átt við hurðina, farið inn í húsnæðið og haft á brott með sér tvö rafhlaupahjól og fatnað. Voru þau með hulin andlit. Þá kom fram á upptöku að fólkið hafði verið á hvíttri Ford-bifreið með skráningarmerkið [...].

Bifreiðin reyndist vera í eigu bílaleigu og var óvíst hver hefði verið að nota hana umrædda nótt. Við frekari rannsókn fengust upplýsingar um skráningarnúmer og verðmæti rafhlaupahjólanna og hins stolna fatnaðar. Þá var það mat lögreglu út frá fyrrgreindum upptökum, klæðnaði, skóm og útliti hinna grunuðu að þar hefðu ákærði og I verið að verki. Meðal málgagna er myndefni frá versluninni, auk annars myndefnis af sama toga. Þá liggja fyrir lögregluskýrslur um úrvinnslu og greiningu á myndefninu og fleira í þeim dúr. Ákærði gaf 9. september 2022 skýrslu við rannsókn málsins með réttarstöðu sakbornings en hann var handtekinn nokkru áður á rafhlaupahjól af sömu tegund og hafði verið stolið. Ákærði bar af sér allar sakir og kvaðst ekki kannast við sig á umræddu

myndefni. Kannaðist hann við að hafa verið í nánú sambandi við I á þeim tíma sem um ræðir. Þá kvaðst hann hafa keypt rafhlaupahjólíð hálfu ári áður og greitt fyrir það 300 þúsund krónur í reiðufé eftir að hafa séð það auglýst á tiltekinni vefsíðu fyrir notaða muni. Einnig var tekin skýrsla af I með sömu réttarstöðu 10. september sama ár. Bar hún af sér allar sakir en kannaðist við að hafa verið í nánú sambandi við ákærða á þeim tíma. Önnur skýrsla var tekin af I 11. nóvember sama ár og var framburður hennar af sama toga og áður. Þá kvaðst hún frekar spurð ekki geta skýrt hvers vegna rafhlaupahjólíð sem ákærði var á var rakið til verslunarinnar sem þýfi úr innbrotinu. Ekki eru efni til frekari reifunar á rannsóknargögnum og vísast að öðru leyti til umfjöllunar í niðurstöðukafla, eftir því sem við á.

7.

Varðandi 6. lið í síðari ákæru:

Samkvæmt frumskýrslu urðu lögreglumenn varir við bifreiðina [...] aðfaranótt 5. október 2022 þar sem henni var lagt utan vegar á þeim stað sem greinir í ákæru. Eigandi bifreiðarinnar var fyrirsvarsmáður nánar tilgreinds fyrirtækis. Haft var símasamband við starfsmann þess fyrirtækis og upplýsti hann að ákærði hefði tekið bifreiðina í heimildarleysi nokkru áður og að hennar hefði verið leitað án árangurs. Í framhaldi var bifreiðin flutt á lögreglustöð með dráttarbifreið. Við frekari rannsókn málsins gaf K, fyrirsvarsmáður fyrrgreinds fyrirtækis, skýrslu með réttarstöðu vitnis. Greindi hann meðal annars frá því að ákærði hefði um nokkurt skeið verið starfsmaður fyrirtækisins og starfað sem rafvirki. Lýsti hann nánar vinnusambandinu og tilteknum grunsamlegum atvikum sem lutu að ákærða og höfðu komið upp meðan hann starfaði hjá fyrirtækinu. Þá greindi hann frá því að ákærði hefði tekið bifreiðina í heimildarleysi að loknum vinnudegi, sem jafnframt hefði verið í andstöðu við reglur fyrirtækisins. Enginn annar en ákærði hefði verið að nota bifreiðina. Meðal gagna málsins er afrit af reglum fyrirtækisins, dags. 24. september 2020, undirrituðum með nafni ákærða, þar sem meðal annars greinir að atvinnubifreiðar fyrirtækisins séu ekki ætlaðar til einkaafnota starfsmanna. Ákærði gaf skýrslu við rannsókn málsins með réttarstöðu sakbornings 5. október 2022. Hann bar af sér allar sakir og kvaðst hafa verið að nota bifreiðina með heimild frá vinnuveitanda. Hann hefði fest bifreiðina utan vegar á þeim stað sem hún fannst fyrrgreinda nótt, það hefði gerst eftir að hann fór heim til sín að loknum vinnudegi og hann hefði mátt fara á bifreiðinni. Ákærði gaf aðra framburðarskýrslu 1. nóvember sama ár með sömu réttarstöðu og var framburður hans í aðalatriðum hinn sami og áður.

8.

Varðandi 2., 3., 5., 6., 7. og 8. lið í fyrri ákæru og 7. lið í síðari ákæru:

Ákærði hefur skýlaust játað sök vegna þessara ákæruliða. Um reifun á málsatvikum vísast til ákæra.

C.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Ákærði kvaðst ekki muna vel eftir þeim atvikum sem um ræðir að öðru leyti en því að þau hefðu gerst aðfaranótt annars í jólum og hann hefði verið í ökuferð með I. Þau hefðu ekki skipt um skráningarmerki á bifreiðinni og enga ástæðu haft til þess. Um hefði verið að ræða bifreið í eigu vinnuveitanda ákærða en ákærði verið með hana í umráðum sínum í fjögur ár. Ákærði kvaðst ekki geta útskýrt hvers vegna röng skráningarmerki voru á bifreiðinni og hvers vegna réttu merkin reyndust vera í farangursrými hennar. Hann kvaðst ekki bera kennsl á fólk á mynd meðal málsgagna sem barst frá tilkynnanda. Hann kvaðst hins vegar að einhverju leyti kannast við sjálfan sig á myndefni lögreglu sömu nótt en ekki vilja tjá sig frekar um það hvers vegna fatnaður hans líktist fatnaði manns á fyrrnefndri mynd.

Varðandi 4. lið í fyrri ákæru:

Ákærði kvaðst ekki vilja tjá sig um sakarefni samkvæmt þessum lið ákærunnar þar sem hann myndi ekki eftir téðum atvikum. Hann kvaðst hins vegar ekki rengja atvikalýsingu út frá gögnum lögreglu né heldur framburð sinn um þau atvik hjá lögreglu. Þá kvaðst ákærði aldrei hafa starfað hjá A.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Ákærði kvaðst ekki hafa brotist inn í umrædda skartgripaverslun og aldrei komið inn í það húsnæði. Hann kvaðst ekki bera kennsl á sig á myndefni úr eftirlitsmyndavélakerfi. Þá kvaðst hann ekki geta útskýrt hvers vegna klæðnaður hans líktist klæðnaði þess manns sem braust inn í verslunina. Vísaði ákærði til þess að um væri að ræða algengan svartan vinnufatnað. Ákærði kvaðst umrædda nótt hafa verið á heimili [...] sinnar, I, í [...], og kvaðst hann telja að símagögn lögreglu staðfestu það. Ákærði kvaðst kannast við að eiga hjálm sem fannst í [...] og um væri að ræða algenga tegund af hjálmi. Hann kvaðst ekki geta útskýrt hvers vegna blóð sem passaði við DNA-snið hans fannst á ljósrofa í versluninni að öðru leyti en því að sér fyndist það vera sérkennilegt, einkum þar sem ekkert annað blóð hefði verið á staðnum. Þá kvaðst ákærði hafa átt umrætt úr sem lögregla lagði hald á og fengið það að gjöf nokkru áður frá fyrrverandi kærustu og [...] sinni.

Varðandi 2. lið í síðari ákæru:

Ákærði kvaðst ekki hafa brotist inn í sundlaugina og stolið verkfæraskáp og verkfærum. Hann hefði hins vegar nokkru áður farið þangað í leyfisleysi að næturlagi og laugað sig. Þá kvaðst ákærði bera kennsl á sig á myndefni úr þeirri sundferð. Að öðru leyti kvaðst ákærði ekki bera kennsl á sig á myndefni í málsgögnum. Hvað varðaði verkfæraskáp sem fannst í bifreið hans síðar kvaðst ákærði hafa keypt skápinn nokkru áður á 50 þúsund krónur eftir að hafa svarað auglýsingu á vefsíðu þar sem seldir voru notaðir hlutir. Hann kvaðst hins vegar ekki geta lagt fram nein gögn um þau viðskipti. Þá kvaðst ákærði ekki hafa skýringu á því hvers vegna lykill frá sundlauginni passaði að læsingu skápsins en telja mögulegt að fleiri en einn lykill gæti gengið að læsingunni.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Ákærði kvaðst ekki hafa brotist inn á veitingastaðinn en hann hefði verið þar á ferðinni á sama tíma í nágrenninu og fest bifreið í nálægri [...] . Hann hefði verið þar á ferð með I og þau verið að leita að [...]. Lögreglumenn og fleira fólk hefðu komið og hjálpað þeim með bifreiðina [...]. Þau hefðu í framhaldi farið af staðnum enda hefðu þau verið frjáls ferða sinna. Ákærði kvaðst ekki kannast við sig á myndefni frá veitingastaðnum en hann kvaðst hins vegar kannast við sig á myndefni lögreglu úr búkmyndavél sem sýndi samskipti við hann í [...].

Varðandi 5. lið í síðari ákæru:

Ákærði kvaðst ekki hafa brotist inn í umrædda verslun og stolið rafmagnshlaupahjólum og fatnaði. Þá kvaðst hann ekki kannast við sig á myndefni frá því innbroti. Hann kvaðst kannast við að hafa verið stöðvaður af lögreglu nokkru síðar þar sem hann var á rafmagnshlaupahjólum. Um hefði verið að ræða hlaupahjól sem I hefði keypt og gefið honum. Sig hefði grunað að hjólið væri illa fengið þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu og því hefði hann hagað framburði sínum með þeim hætti á þeim tíma og ekki viljað bendla I eða annan nafngreindan mann, seljanda hjólsins, við málið.

Varðandi 6. lið í síðari ákæru:

Ákærði kvaðst hafa verið starfsmaður H hf. á þeim tíma sem um ræðir og bifreiðin verið í umráðum hans með leyfi vinnuveitanda. Vinnusambandinu hefði hins vegar lokið sama dag og atvik áttu sér stað eftir að hann var handtekinn. Munnlegt samkomulag hefði verið í gildi milli hans og vinnuveitanda um að hann mætti vera með bifreiðina utan vinnutíma. Það sama hefði átt við um aðra starfsmenn og aðrar bifreiðir fyrirtækisins. Hið munnlega leyfi hefði verið í fullu gildi þrátt fyrir skriflegar reglur fyrirtækisins um hið gagnstæða. Þá kvaðst ákærði kannast við að hafa ritað undir þær reglur á sínum tíma sem starfsmaður fyrirtækisins.

2.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Vitnið I, [...] ákærða, greindi frá því að hafa verið með honum í för umrædda nótt á bifreið sem ákærði hefði haft til umráða vegna vinnu. Vitnið kvaðst ekki vita hvers vegna röng skráningarmerki voru á bifreiðinni. Þá kvaðst vitnið ekki bera kennsl á grunaða samkvæmt myndefni í málgögnum.

Varðandi 4. lið í fyrri ákæru:

Vitnið kvaðst ekki hafa vitneskju um hver átti umrædda bifreið en hún hefði verið fengin að láni frá manni sem ákærði var í samskiptum við. Frekar spurð kvaðst vitnið ekki geta eða vilja svara frekari spurningum um þessi atvik.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Vitnið kvaðst hafa verið heima hjá sér nóttina sem brotist var inn í umrædda skartgripaverslun og ákærði hefði verið hjá henni á þeim tíma.

Varðandi 2. lið í síðari ákæru:

Vitnið kvaðst ekkert kannast við umrætt mál eða vita deili á fólki á myndefni í málgögnum. Þá kvaðst vitnið ekki kannast við að hafa farið með ákærða í umrædda sundlaug að nóttu til á þeim tíma sem um ræðir.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Vitnið kvaðst ekkert kannast við umrætt mál eða vita deili á fólki á myndefni í málgögnum. Þá kvaðst vitnið ekki kannast við að hafa verið á þeim stað sem um ræðir og kvaðst hún að öðru leyti ekki vilja tjá sig um þennan hluta málsins.

Varðandi 5. lið í síðari ákæru:

Vitnið kvaðst ekkert kannast við umrætt mál eða vita deili á fólki á myndefni í málgögnum. Þá kvaðst vitnið kannast við að hafa keypt svart rafmagnshlaupahjól af tilteknum manni fyrir 100 þúsund krónur og gefið ákærða hjólið.

Varðandi 6. lið í síðari ákæru:

Vitnið greindi frá því að ákærði hefði starfað hjá H hf. um nokkra mánaða skeið, þar með talið um haustið 2022. Ákærði hefði á þeim tíma ávallt haft afnot af bifreið fyrirtækisins og notað hana til aksturs til vinnu og heim.

3.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Vitnið L greindi meðal annars frá því að hafa vaknað umrædda nótt vegna jarðskjálfta. Vitnið hefði á svipuðum tíma heyrt hljóð koma utan frá eins og verið væri að brjóta eitthvað úr plasti. Vitnið hefði síðan litið út um glugga og séð tvær manneskjur vera að athafna sig við hvíta kyrrstæða bifreið. Þá hefði vitnið á sama tíma séð aðra nálæga og kyrrstæða hvíta bifreið og hún verið númerslaus. Vitnið hefði dregið þá ályktun að fólkið

væri búið að rífa skráningarmerki af síðarnefndu bifreiðinni og það væri að festa það á hina bifreiðina. Vitnið hefði tekið ljósmynd af framangreindu. Fólkið hefði síðan keyrt á brott um [...] í átt að [...]. Vitnið hefði haft samband við lögreglu sem hefði komið á staðinn og vitnið jafnframt sent ljósmyndina til lögreglu.

4.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Vitnið M greindi í aðalatriðum frá því sama og vitnið L. Númerslausu bifreiðinni hefði verið lagt í stæði á horni [...] og [...]. Götulýsing hefði verið góð og vitninu virst fólkið vera að festa skráningarmerki á bifreið sem þau voru á og að merkið hefði verið tekið af hinni bifreiðinni. Fatnaður fólksins hefði verið venjulegur, dökkur, og annað þeirra virst vera með andlitið meira hulið. Hún og vitnið L hefðu tekið ljósmynd út um gluggann og haft samband við lögreglu sem kom á staðinn.

5.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. N, gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir frumskýrslu. Vitnið greindi meðal annars frá því að tilkynnt hefði verið um fólk vera að taka skráningarmerki af hvíttri Toyota Yaris-bifreið og setja á aðra sambærilega bifreið. Vitnið hefði nokkru síðar séð tilkynnta bifreið þar sem henni var ekið um [...]. Vitnið hefði veitt bifreiðinni eftirför og stöðvað hana stuttu síðar í nálægri götu. Við nánari athugun hefði komið í ljós að bifreiðin var með áfestum skráningarmerkjum sem ekki pössuðu við skráningu bifreiðarinnar í ökutækjaskrá. Vitnið hefði í framhaldi farið og athugað með og tekið ljósmynd af númerslausu bifreiðinni þar sem henni var lagt í stæði á gatnamótum við [...]. Um vætti hans vísast að öðru leyti til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um téða skýrslu, sbr. lið B.1.

6.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. O, greindi frá því að hafa komið að rannsókn málsins eftir á. Vitnið hefði meðal annars yfirfarið aðsent myndefni frá tilkynnanda og borið það saman við myndefni úr búkmyndavélum lögreglumanna. Greinilegt hefði verið út frá þeim samanburði að ákærði og önnur manneskja væri á því myndefni sem barst frá tilkynnanda. Um hefði verið að ræða sams konar fatnað og útlit og sams konar bifreið. Þá hefði liðið skammur tími frá því að tilkynning barst til lögreglu uns höfð voru afskipti af

ákærða stuttu síðar á nálægum slóðum. Enginn annar en ákærði kæmi til greina í þessu samhengi. Að auki hefðu skráningarmerki, sem með réttu tilheyrðu bifreið sem ákærði ók, eign vinnuveitanda hans, fundist í aftursæti bifreiðarinnar. Þá hefði verið búið að setja skráningarmerki annarrar bifreiðar, sömu tegundar, á bifreiðina og það væri þekkt aðferð til að villa um fyrir lögreglu.

7.

Varðandi 4. lið í fyrri ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. P, staðfesti og gerði nánar grein fyrir frumskýrslu. Í vætti hans kom meðal annars fram að bifreiðin hefði verið án skráningarmerkis að framan. Ökumanni hennar hefði verið veitt eftirför en hann ekið greitt og ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu. Ökumaður hefði síðar stöðvað og hlaupið frá lögreglu, svo og farþegi, og bifreiðin verið skilin eftir í gangi. Lykill hefði ekki verið í kveikjulás en frá lásnum hefðu verið sýnilegir vírar og ljóst að búið var að tengja fram hjá og ekki hægt að drepa á bifreiðinni. Um vætti vitnisins vísast að öðru leyti til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um téða skýrslu, sbr. lið B.2.

8.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. Q, greindi meðal annars frá því að hafa farið í útkall vegna innbrots í fyrrgreinda skartgripaverslun. Öryggisverðir hefðu komið á staðinn á svipuðum tíma en ætlaður gerandi verið farinn. Hljóðmerki frá öryggiskerfi hefðu borist frá versluninni og greinilega verið búið að brjóta sér leið þar inn og róta í munum. Einnig hefði sést blóð á ljósrofa á verkstæði baka til. Vitnið hefði tekið niður upplýsingar frá eiganda verslunarinnar sem kom á staðinn stuttu síðar. Rannsóknarlögreglumaður hefði jafnframt verið kallaður út og tekið við rannsókn málsins.

9.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. R, gaf skýrslu símleiðis og gerði grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn málsins. Í framburði vitnisins kom meðal annars fram að hann hefði verið kallaður út umrædda nótt til að sinna rannsókn vegna meints innbrots í skartgripaverslunina. Vitnið hefði skoðað vettvang, leitað að ummerkjum og skoðað upptöku í eftirlitsmyndavél. Blóð hefði fundist á ljósrofa í geymslu verslunarinnar og sýni af því hefði verið tekið og varðveitt sem sakargagn. Vitninu hefði strax orðið það ljóst, eftir að hafa

horft á myndupptöku, að það var ákærði sem var að verki í umrætt skipti. Vitnið hefði verið með ákærða í skýrslutöku kvöldið áður og fatnaður hans verið sá sami. Þá hefði ásýnd mannsins á upptökunni og hreyfingar algjörlega samrýmst ákærða, auk þess sem á hluta upptökunnar hefði verið unnt að sjá í andlit hans í hjálminum. Ákærði hefði verið handtekinn síðar um morguninn á heimili [...] hans í [...]. Við leit á ákærða hefði fundist armbandsúr með áfastri plastklemmu á trekkjara og úrið augljóslega verið splunkunýtt. Þá hefði viðmælandi í skartgripaversluninni borið kennsl á úrið sem hluta af því sem tekið var í innbrotinu. Nokkru síðar hefði verið gerð húsleit í fyrrgreindri íbúð í [...] og meðal annars verið lagt hald á hjálm sömu gerðar og hjálmur meints geranda í fyrrgreindri myndupptöku. Vitnið hefði yfirfarið myndefni og ritað skýrslu um þá rannsókn og enginn vafi væri á því, að mati lögreglu, að það var ákærði sem var að verki út frá því sem áður greinir, fatnaði hans og fleira. Þá hefði niðurstaða DNA-rannsóknar endanlega staðfest þann grun lögreglu.

10.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Vitni, sérfræðingur tæknideildar nr. S, staðfesti og gerði grein fyrir rannsóknargögnum varðandi DNA-rannsókn. Í vætti hans kom meðal annars fram að niðurstaða rannsóknarinnar væri mjög áreiðanleg. Um vætti hans að öðru leyti vísast til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um rannsóknina, sbr. lið B.3.

11.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Vitnið J, [...], greindi meðal annars frá því að hafa umrædda nótt fengið símtal frá öryggisfyrirtæki um að innbrotskerfi væri í gangi í versluninni. Vitnið hefði komið á staðinn stuttu á eftir lögreglu. Ljóst hefði verið af ummerkjum að búið var að brjótast inn í verslunina og taka verðmæti, að því er virtist óskipulega. Meðal muna sem voru teknir hefði verið armbandsúr af tiltekinni tegund og vitnið mótttekið úr þeirrar gerðar frá lögreglu nokkru síðar. Úrið hefði verið það eina sem endurheimtist. Þá hefði verðmæti þess sem var stolið verið rúmlega tvær milljónir króna samkvæmt tryggingaruppgjöri.

12.

Varðandi 2. lið í síðari ákæru:

Vitnið T, [...], greindi meðal annars frá því að um hefði verið að ræða tvö aðgreind atvik í [...] með stuttu millibili sem hvort tveggja hefði verið tekið upp í eftirlitsmyndavélakerfi. Ljóst hefði verið af atvikum og samanburði á myndefni að um var að ræða sama fólkið. Í síðara skiptið hefði fólkið meðal annars stolið verkfærum og verkfæraskáp sem síðar endurheimtist. Þýfið hefði verið flutt burt af staðnum í lítilli

hvíttri sendibifreið. Þá hefði vinnuvél á staðnum verið notuð til að koma verkfæra-skápnum að bifreiðinni. Um vætti vitnisins vísast að öðru leyti til þess sem greinir í málavaxtalýsingu í lið B.4.

13.

Varðandi 2. lið í síðari ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. U, staðfesti og gerði nánar grein fyrir frumskýrslu. Um vætti vitnisins vísast til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um téða skýrslu, sbr. lið B.4.

14.

Varðandi 2. lið í síðari ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. V, gerði grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn málsins á síðari stigum. Í vætti hans kom meðal annars fram að vitnið hefði yfirfarið myndupptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi og borið saman við önnur svipuð gögn í öðrum málum sem voru til rannsóknar hjá lögreglu. Það væri mat lögreglu að karlmaður á upptöku í [...] umrædda nótt hefði verið ákærði. Líkamsbygging hans og klæðnaður hefði fyrst og fremst legið því mati til stuðnings. Að auki hefði á upptökum sést í andlit ákærða, bæði í tengslum við sundferð að næturlagi og einnig síðar þegar verðmæti voru tekin. Varðandi hið síðarnefnda hefði í hluta af upptöku sést í andlit ákærða þar sem hann var fyrir utan húsið. Nokkru síðar hefði verið lagt hald á verkfærakistu og verkfæri sem fundust í bifreið ákærða og samrýmdust því sem var stolið. Þá hefði lykill frá sundlauginni reynst ganga að læsingu verkfærakistunnar og það tekið af allan vafa um að þetta væri þýfi úr innbrotinu.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Vitnið bar einnig um að rauð taska hefði við rannsókn málsins fundist í bifreið ákærða sem passaði við tösku sem stolið var í innbroti á fyrrgreindum veitingastað í Ölfusi.

Varðandi 5. lið í síðari ákæru:

Vitnið greindi frá því að hafa komið að rannsókn málsins á síðari stigum með svipuðum hætti og áður greinir. Vitnið hefði yfirfarið haldlagt myndefni úr öryggismyndavélakerfi, eins og áður greinir, og mat lögreglu verið að um væri að ræða ákærða. Þá hefði sést á upptöku að gerandi opnaði dyr inn í verslunina með því að eiga við utanáliggjandi rafkerfi við húsið og viðkomandi virst hafa þekkingu á því sem hann var að gera. Það hefði samrýmst bakgrunni ákærða sem væri menntaður rafvirki. Nokkru síðar hefðu verið höfð afskipti af ákærða þar sem hann var með rafmagnshlaupahjól í fórum sínum. Lagt hefði verið hald á hjólið og framleiðslunúmer þess passað við númer sams konar hjóls sem stolið var úr umræddri verslun.

15.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Vitnið W, [...] veitingastaðar, gaf skýrslu símleiðis og greindi meðal annars frá því að munum sem greinir í ákæru hefðu verið stolið í umræddu innbroti. Þá hefðu talsverðar skemmdir orðið á húsnæðinu þegar brotist var inn. Vísaði vitnið einnig til upptaka í eftirlitsmyndavélakerfi sem sýndu aðfarirnar. Þá hefði [...] vitnisins, sem kom á staðinn umræddan morgun, verið í samskiptum við hina grunuðu sama morgun í nálægri [...] og að hennar sögn væri um að ræða sama fólk og sæist á upptökunum.

16.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Vitnið AA greindi meðal annars frá því að hafa komið til starfa umræddan morgun á téðan veitingastað en þá hefði verið búið að brjótast þar inn. Skemmdir hefðu verið á rafmagnskerfi, rúður brotnar, útihurð skemmd, búið að róta í ýmsum munum og fleira. Um líkt leyti hefði ung kona komið til þeirra og óskað eftir aðstoð vegna bifreiðar sem var föst [...] Stúlkan hefði verið í geðshræringu og [...] bifreiðinni. Frekar spurð um hverju hefði verið stolið greindi vitnið frá því að búið hefði verið að taka peninga vegna veiðileyfasölu og spjaldtölva ekki verið á þeim stað sem hún átti að vera á og það skýrst betur síðar að henni hefði líka verið stolið.

17.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. BB, gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir frumskýrslu. Um vætti vitnisins vísast til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um téða skýrslu, sbr. lið B.5.

18.

Varðandi 5. lið í síðari ákæru:

Vitnið CC, [...], gaf skýrslu símleiðis og greindi meðal annars frá því að brotist hefði verið inn í verslun fyrirtækisins umrædda nótt með því að fara inn um lagerdyr. Tveimur rafhlaupahjólum af þeirri tegund sem greinir í ákæru hefði verið stolið, auk fatnaðar. Um hefði verið að ræða fágæt rafhlaupahjól hér á landi og vitnið sent lögreglu upplýsingar um framleiðslunúmer þeirra og verðmæti.

19.

Varðandi 5. lið í síðari ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. DD, gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir frumskýrslu. Um vætti vitnisins vísast til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um

téða skýrslu, sbr. lið B.6. Að auki greindi vitnið frá því að hafa nokkru síðar haft afskipti af ákærða á rafmagnshlaupahjól, Dualtron Thunder, sem greinilega var sömu tegundar og annað af þeim hlaupahjólum sem var stolið úr umræddri verslun.

20.

Varðandi 6. lið í síðari ákæru:

Vitnið K, fyrirsvarsmaður H hf., gaf skýrslu símleiðis og greindi meðal annars frá því að ákærði hefði verið starfsmaður fyrirtækisins á þeim tíma sem um ræðir og starfað hjá því um nokkurra mánaða skeið. Vitnið hefði fengið tilkynningu frá lögreglu um bifreiðina og honum þá verið ljóst að hún var ekki á þeim stað sem hún átti að vera. Ákærða hefði samkvæmt reglum fyrirtækisins verið óheimilt að nota bifreiðina utan vinnutíma og ekkert munnlegt leyfi verið veitt fyrir undanþágu frá því. Þá hefði ákærði skrifað undir téðar reglur samhliða ráðningarsamningi og honum verið kunnugt um þær. Vitnið kvaðst ekki alltaf hafa haft tök á því að fylgjast með bifreiðum fyrirtækisins og því væri ekki unnt að útiloka að ákærði hefði í nokkur skipti verið á bifreiðinni eftir vinnu án vitundar vitnisins. Það hefði hins vegar verið andstætt því sem til var ætlast. Umrædd bifreið hefði verið sérstaklega ætluð fyrir ákærða og verkefni hans hjá fyrirtækinu en aðrir starfsmenn einnig notað hana. Vitnið hefði í umrætt skipti tekið við bifreiðinni frá lögreglu og meðal annars komið í ljós að ýmiss konar göss var í bifreiðinni sem ekki tengdist starfsemi fyrirtækisins.

21.

Varðandi 6. lið í síðari ákæru:

Vitni, lögreglumaður nr. EE, gaf skýrslu símleiðis og staðfesti og gerði nánar grein fyrir frumskýrslu. Í vætti hans kom meðal annars fram að bifreiðin hefði fundist utan vegar í skóglendi nálægt lögheimili ákærða. Tilviljun hefði ráðið því að bifreiðin fannst á þeim stað og hún reynst vera í eigu fyrirtækis þar sem ákærði starfaði en í umráðum hans. Þá hefði mikið af alls konar dóti fundist í bifreiðinni.

D.

Niðurstöður:

1.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

2.

Varðandi 1. lið í fyrri ákæru:

Ákærði hefur játað umferðarlagabrot samkvæmt þessum ákærulið og er játningin studd sakargögnum. Að því virtu verður hann sakfelldur fyrir þau brot og eru þau rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Ákærði neitar hins vegar sök varðandi meint skjalafals. Ágreiningslaust er að ákærði var stöðvaður í akstri á umræddri bifreið á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru og jafnframt að bifreiðin var með áfest skráningarmerki sem tilheyrðu annarri bifreið. Ákærði hefur ekki veitt neinar haldbærar skýringar á því hvers vegna bifreiðin var ekki útbúin með réttum skráningarmerkjum umrædda nótt. Hið sama á við um vitnið I sem var með ákærða um nóttina. Samkvæmt framburði þeirra beggja liggur þó fyrir að bifreiðin sem þau voru á hafði verið í umráðum ákærða sem vinnubifreið um langan tíma, en hún var í eigu þáverandi eða fyrrverandi vinnuveitanda hans. Er þannig um að ræða bifreið sem ákærði var að nota dags daglega. Hann hlýtur því að hafa vitað hvaða skráningarmerki tilheyrðu bifreiðinni með réttu. Þá liggur fyrir að hin réttu skráningarmerki voru í aftursæti bifreiðarinnar þegar lögregla hafði afskipti af ákærða. Hann hlýtur því að hafa áttað sig á því að bifreiðin var ekki með rétt skráningarmerki þegar hann var að nota hana. Einnig liggur fyrir samkvæmt málgögnum og vætti lögreglumanna nr. N og O að merkin sem voru fest á bifreið ákærða tilheyrðu annarri bifreið sömu tegundar og með sama lit sem hafði sömu nótt verið lagt í bifreiðastæði á [...] við [...]. Þá var það beinlínis tilefni þess að höfð voru afskipti af ákærða um nóttina, þar sem hann var á ferðinni á svipuðum slóðum, að hann passaði við tilkynningu um að sést hefði til tveggja manneskja á svipaðri bifreið vera að taka skráningarmerki af téðri bifreið á [...] stuttu áður. Samkvæmt greinargóðu vætti L og M liggur fyrir að þau sáu og heyrðu í tveimur manneskjum um nóttina vera að athafna sig við fyrrgreinda bifreið og aðra svipaða bifreið á áður nefndum stað og að það hefði heilt á litið komið þeim fyrir sjónir eins og verið væri að stela skráningarmerkjum af bifreið og festa á aðra bifreið. Þessu til viðbótar liggur fyrir ljósmynd frá L og M, sem þau tóku um nóttina af umræddum atvikum frá sjónarhorni sínu, og styður ljósmyndin vætti þeirra. Ljóst er af

útliti þeirra manneskja sem sjást á ljósmyndinni að þær líkjast mjög ákærða og I samkvæmt myndefni lögreglu vegna afskipta af þeim stuttu síðar sömu nótt. Þá liggur fyrir vætti lögreglumanns nr. O sem yfirfor framangreint myndefni nákvæmlega við rannsókn málsins með þeirri niðurstöðu að ákærði hefði meðal annars verið að verki í umrætt skipti. Styður því allt framangreint málatilbúnað ákæruvaldsins um að það hafi að minnsta kosti verið ákærði sem í blekkingarskyni skipti á skráningarmerkjunum í aðdraganda þess að hann var stöðvaður í akstri stuttu síðar með hin röngu skráningarmerki fest á bifreiðinni. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi jafnframt gerst sekur um skjalamisnotkun, eins og greinir í ákæru, og verður hann sakfelldur fyrir það brot og er það rétt heimfært til refsíákvæðis í ákæru.

3.

Varðandi 4. lið í fyrri ákæru:

Ákærði hefur játað umferðar-, lögreglu- og fíkniefnalagabrot samkvæmt þessum ákæru-lið og er játningin studd sakargögnum. Að því virtu verður hann sakfelldur fyrir þau brot og eru þau rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Ákærði neitar hins vegar sök varðandi meintan nytjastuld. Ágreiningslaust er að ákærði var að nota bifreiðina með því að aka henni á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru. Fyrir dómi mundi ákærði ekkert eftir þessum atvikum, eins og þeim er lýst í ákæru, en rengdi þau ekki, og vísaði að öðru leyti til framburðar síns hjá lögreglu. Vitnið I bar með takmörkuðum hætti um þessi atvik fyrir dómi en kvaðst telja að bifreiðin hefði verið fengin að láni og var framburður hennar hjá lögreglu af svipuðum toga. Vætti hennar fyrir dómi var bæði óskýrt og ósennilegt, auk þess sem hún hefur nán tengsl við ákærða. Verður því litið fram hjá framburði hennar við úrlausn á þessum hluta málsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt málsgögnum liggur fyrir að umrædd bifreið er skráð á lögaðila og hefur ekkert komið fram í málinu um að sá aðili tengist ákærða. Þá var bifreiðin tekin af athafnasvæði A ehf. og verður ráðið af gögnum og málatilbúnaði ákæruvaldsins að um sé að ræða bifreið sem hafi [...]. Samkvæmt vætti lögreglumanns nr. P var ekki lykill í kveikjulás bifreiðarinnar þegar aksturinn hafði verið stöðvaður en bifreiðin var þá enn í gangi og ekki hægt að drepa á henni. Voru vírar úr kveikjulásnum lausir og ljóst að bifreiðin hafði verið gangsett með því að tengja fram hjá. Alkunna er að það er þekkt verknaðaraðferð að tengja fram hjá við nytjastuld vélknúinna ökutækja. Ákærði bar um það fyrir dómi að hann hefði engin tengsl við fyrrgreint [...]fyrirtæki. Hjá lögreglu bar hann um það að hafa séð þessa bifreið hjá A, hún hefði í raun verið honum óviðkomandi en hann hefði séð hana og/eða fengið ábendingu um hana frá öðrum. Ákærði hefði gangsett bifreiðina með því að tengja með vírum fram hjá og hann því næst ekið bifreiðinni uns hann var stöðvaður af lögreglu. Framburður ákærða hjá lögreglu og afstaða hans til sakarefnisins fyrri dómi samrýmist

Því málgögnum um að hann hafi tekið og notað bifreiðina í heimildarleysi. Samkvæmt öllu framangreindu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um nytjastuld umræddrar bifreiðar og verður hann því jafnframt sakfelldur fyrir þá háttsemi eins og henni er lýst í þessum lið ákærunnar. Þá er brotið rétt fært til refsíákvæðis í ákæru.

4.

Varðandi 9. lið í fyrri ákæru:

Ákærði neitar sök og hefur alfarið vísað því á bug að hann hafi téða nótt brotist inn í umrædda skartgripaverslun og stolið þaðan verðmætum, eins og greinir í þessum lið ákærunnar. Ákærði hefur borið um að hafa aldrei komið inn þá verslun sem um ræðir og hafa verið staddir á heimili I á þeim tíma þegar innbrotið átti sér stað. Vætti I var af svipuðum toga, en hún bar um að ákærði hefði verið heima hjá henni á sama tíma. Vætti hennar fyrir dómi var bæði óskýrt og ósennilegt, auk þess sem hún hefur náin tengsl við ákærða. Verður því litið fram hjá framburði hennar við úrlausn á þessum hluta málsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt myndefni lögreglu í málgögnum liggur fyrir að maður með svipaða líkamsbyggingu og augnsvip og ákærði braust inn í verslunina þessa nótt. Ákærði hefur fyrir dómi að nokkru leyti kannast við að eiga fatnað af svipuðum toga og sést á fyrrgreindu myndefni, en með þeim mótbárum að um sé að ræða algenga gerð af vinnufatnaði og myndefnið sé óskýrt. Á heimili I fannst hjálmur sem ákærði hefur kannast við að eiga og samkvæmt myndefni í málgögnum líkist hjálmurinn mjög hjálmi þess manns sem braust inn í verslunina. Samkvæmt símagögnum sem eru meðal málgagna tengdist sími ákærða fjarskiptasendum umrædda nótt í nágrenni við innbrotstaðinn, eða á leið frá þeim stað og í áttina að heimili I í [...]. Einnig liggur fyrir samkvæmt vætti lögreglumanns nr. R að armbandsúr sem var í fórum ákærða við handtöku, stuttu eftir innbrotið, var talið vera hluti af þeim munum sem teknir voru í téðu innbroti. Samrýmist það einnig vætti [...] J, sem bar um að úr sömu tegundar hefði verið meðal þess varnings sem var til sölu í versluninni. Þá var vætti sama lögreglumanns mjög afgerandi um að hann hefði borið kennsl á ákærða út frá fyrrgreindu myndefni þar sem hann hefði tekið af honum skýrslu kvöldið áður og að um hefði verið að ræða sama fatnað, líkamsbyggingu og hreyfingar, auk þess sem hann hefði séð í andlit hans á hluta upptökunnar. Þessu til viðbótar liggur fyrir samkvæmt málgögnum og vætti sérfræðings nr. S, sbr. og vætti fyrrgreinds lögreglumanns, að blóðsýni af ljósrofa í versluninni reyndist samkvæmt afgerandi niðurstöðu DNA-rannsóknar passa við DNA-snið ákærða. Samkvæmt málgögnum og vætti J var samanlagt verðmæti þýfis um tvær milljónir króna. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi gerst sekur um þjófnað sem greinir í þessum lið ákærunnar. Verður hann sakfelldur fyrir það brot samkvæmt ákæru og er það rétt heimfært til refsíákvæðis.

5.

Varðandi 2. lið í síðari ákæru:

Ákærði neitar sök og hefur alfarið vísað því á bug að hann hafi brotist inn í téða sundlaug umrætt kvöld og fram á nótt og stolið þaðan verðmætum, eins og greinir í þessum lið ákærunnar. Ákærði hefur hins vegar að nokkru marki í framburði sínum fyrir dómi kannast við að hafa farið í leyfisleysi í sundlaugina kvöldið eða nóttina áður og laugað sig. Samrýmist það myndefni í málsgögnum þar sem sést í andlit hans. Þá bendir allt til þess, samkvæmt sama myndefni, að I hafi verið með honum í för þegar þau atvik áttu sér stað. Vætti I um þessi atvik og hið meinta innbrot síðar um kvöldið og fram á næstu nótt var hins vegar afar óskýrt, ósennilegt og í talsverðu ósamræmi við fyrrgreint myndefni. Að auki hefur hún náin tengsl við ákærða, eins og áður greinir. Verður því litið fram hjá framburði hennar við úrlausn á þessum hluta málsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt myndefni lögreglu í málsgögnum liggur fyrir að maður með svipaða líkamsbyggingu, fatnað og augnsvip og ákærði braust inn í sundlaugina umrætt kvöld, ásamt annarri manneskju. Samkvæmt sama myndefni líkist sá maður mjög þeim manni sem braust inn á sama svæði nóttina áður og laugaði sig, það er ákærða, sbr. það sem áður greinir. Einnig liggur fyrir vætti lögreglumanns nr. V um að myndefnið sýni ákærða brjótast inn í sundlaugina og stela umræddum verðmætum, en vitnið fór nákvæmlega yfir myndefnið á rannsóknarstigi. Þessu til viðbótar liggur fyrir samkvæmt vætti fyrrgreinds lögreglumanns, sbr. og vætti [...] T, að þýfi úr innbrotinu, það er umræddur verkfæraskápur, fannst í bifreið ákærða nokkru síðar. Eru skýringar ákærða um að hann hafi keypt skápinn af óþekktum aðila í kjölfar netsamskipta afar óskýrar, ósennilegar og ótrúverðugar. Eru þær því að engu hafandi fyrir úrlausn málsins. Samkvæmt málsgögnum og vætti fyrrgreinds lögreglumanns, sbr. vætti T, var þessum verðmætum stolið í umrætt skipti sem greinir í ákæru. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi gerst sekur um þjófnað sem greinir í þessum lið ákærunnar og er brotið rétt fært til refsíákvæðis.

6.

Varðandi 4. lið í síðari ákæru:

Ákærði neitar sök og hefur alfarið vísað því á bug að hann hafi brotist inn á téðan veitingastað umræddan dag og stolið þaðan verðmætum, eins og greinir í þessum lið ákærunnar. Ákærði hefur hins vegar kannast við að hafa verið á ferð á bifreið og fest hana í nálægri [...]. Samrýmist það myndefni lögreglu úr bókmyndavél sem er meðal málsgagna, sem og vætti lögreglumanns nr. BB. Þá bendir allt til þess samkvæmt sama myndefni að það hafi verið I sem var með ákærða í för þegar þau atvik áttu sér stað. Vætti I um þessi atvik og hið meinta innbrot var hins vegar afar óskýrt, ósennilegt og í talsverðu

ósamræmi við myndefnið. Að auki hefur hún nán tengsl við ákærða, eins og áður greinir. Verður því litið fram hjá framburði hennar við úrlausn á þessum hluta málsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt myndefni í málgögnum frá umræddum veitingastað, sbr. fyrrgreint myndefni úr búkmyndavél, liggur fyrir að maður með svipaða líkamsbyggingu, fatnað og augnsvip og ákærði braust inn á téðan veitingastað umrædda nótt, ásamt annarri manneskju. Þessu til viðbótar liggur fyrir samkvæmt lögregluskýrslu og vætti lögreglumanns nr. V að rauður bakpoki, þýfi úr umræddu innbroti, fannst í bifreið ákærða nokkru síðar. Eru skýringar ákærða um að hann hafi ekki brotist inn á veitingastaðinn afar óskýrar, ósennilegar og ótrúverðugar þegar litið er til framangreindra sakargagna, og þá ekki síst í ljósi þess að hann var í raun enn á vettvangi innbrotsins, eða þar mjög nálægt, búinn að festa bifreið í [...], þegar lögregla og fleiri komu á staðinn. Er því hafið yfir skynsamlegan vafa að það var að minnsta kosti ákærði sem var að verki í umrætt skipti þegar brotist var inn á veitingastaðinn. Samkvæmt málgögnum og vætti [...] W og starfsmannsins AA liggur nægjanlega fyrir að verðmætum var stolið í umrætt skipti sem greinir í ákæru. Samkvæmt framangreindu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi gerst sekur um þjófnað sem greinir í þessum lið ákærunnar og er brotið rétt fært til refsíákvæðis.

7.

Varðandi 5. lið í síðari ákæru:

Ákærði neitar sök og hefur alfarið vísað því á bug að hann hafi brotist inn í téða verslun umrædda nótt og stolið þaðan verðmætum, eins og greinir í þessum lið ákærunnar. Samkvæmt myndefni í málgögnum frá umræddri verslun, auk annars samanburðarmyndefnis af sama toga, liggur fyrir að maður með svipaða líkamsbyggingu, fatnað og augnsvip og ákærði braust inn í verslunina umrædda nótt. Einnig liggur fyrir vætti lögreglumanns nr. V um að myndefnið sýni ákærða, ásamt annarri manneskju, brjótast inn í verslunina og stela umræddum verðmætum, en vitnið fór nákvæmlega yfir myndefnið á rannsóknarstigi. Þessu til viðbótar liggur fyrir samkvæmt lögregluskýrslu og vætti fyrrgreinds lögreglumanns, auk vættis lögreglumanns nr. DD, að ákærði reyndist nokkru síðar vera með í fórum sínum annað af þeim rafmagnshlaupahjólum sem var stolið. Eru skýringar ákærða fyrir dómi um að hann hafi ekki brotist inn í verslunina og að hann hafi fengið hjólið að gjöf frá I afar ósennilegar og ótrúverðugar þegar litið er til þess sem að framan greinir. Vætti I um þessi sömu atvik, það er ætluð kaup hennar á hjólinu af öðrum manni, var afar óskýrt og ósennilegt. Þá liggur fyrir að það var misræmi í skýringum þeirra beggja á uppruna hjólsins þegar þau gáfu skýrslu hjá lögreglu. Ákærði bar á því

stigi um að hafa keypt hjólið sjálfur og minntist ekkert á I og/eða gjöf frá henni í því samhengi. Framburður ákærða hefur því verið óstöðugur um þennan þátt málsins. Einnig var vætti I um hið meinta innbrot afar óskýrt, ósennilegt og í talsverðu ósamræmi við fyrrgreint myndefni. Þá hefur hún nán tengsl við ákærða, eins og áður greinir, og hefur framburður hennar því ekki raunhæft gildi við úrlausn á þessum hluta málsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Er því hafið yfir skynsamlegan vafa að það var að minnsta kosti ákærði sem var að verki þegar brotist var inn í verslunina. Samkvæmt málgögnum, sem og vætti innkaupa- og verslunarstjórans CC, liggur nægjanlega fyrir að verðmætum var stolið í umrætt skipti sem greinir í ákæru. Samkvæmt framangreindu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að hann hafi gerst sekur um þjófnað sem greinir í þessum lið ákærunnar og er brotið rétt fært til refsíákvæðis.

8.

Varðandi 6. lið í síðari ákæru:

Ákærði neitar sök og hefur alfarið vísað því á bug að hann hafi tekið téða bifreið og notað hana í heimildarleysi umrædda nótt, eins og greinir í þessum lið ákærunnar. Ágreiningslaust er að bifreiðin var í fórum ákærða á þeim tíma sem greinir í ákæru. Þá er ágreiningslaust að bifreiðin var vinnubifreið ákærða, eign vinnuveitanda hans á þeim tíma. Einnig liggur fyrir að ákærði hafði í vinnusambandinu undirgengist reglur vinnuveitanda um að bifreiðin væri honum ekki til afnota utan vinnutíma. Allt að einu byggir ákærði á því og hefur borið um að það hafi verið munnlegt samkomulag um að hann mætti nota bifreiðina utan vinnutíma. Hið sama kom fram í vætti I en framburður hennar var fremur takmarkaður og bar þess skýr merki um að hún drægi taum ákærða, auk fyrrgreindra tengsla þeirra á milli, og hefur framburður hennar því ekki raunhæft gildi fyrir úrlausn á þessum hluta málsins, eins og áður greinir, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Fyrirsvarsmaður vinnuveitandans, vitnið K, bar um að ekkert slíkt munnlegt samkomulag hefði verið í gildi og virtist ekki kannast við tilvist þess og vísaði vitnið fyrst og fremst til fyrrgreindra starfsreglna máli sínu til stuðnings. Vitnið útilokaði þó ekki að það gæti hafa viðgengist í einhverjum mæli að ákærði notað bifreiðina meira en til var ætlast og ekki hefði alltaf verið unnt að hafa eftirlit með því. Út frá öllu framangreindu, einkum lögmætum umráðum ákærða yfir bifreiðinni á vinnutíma, sbr. og vætti K, er ekki unnt að útiloka að frávik frá því sem til var ætlast með umráð og notkun bifreiðarinnar utan vinnutíma hafi í einhverjum mæli viðgengist í vinnusambandinu. Að því virtu, og þar sem annarra gagna nýtur ekki við, verður að meta allan vafa ákærða í vil í þessu samhengi. Verður hann því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

9.

Varðandi 2., 3., 5., 6., 7. og 8. lið í fyrri ákæru og 7. lið í síðari ákæru:

Ákærði hefur játað skýlaust fyrir dómi þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt framangreindum ákæruliðum og er játningin studd sakargögnum. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt téðum ákæruliðum og eru þau rétt færð til refsíákvæða í ákærum.

10.

Varðandi ákvörðun refsingar:

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði á hann að baki nokkurn sakaferil frá árinu 2006. Það sem hér skiptir einkum máli er að ákærða var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum [...] 2017 gert að sæta fangelsi í fjóra mánuði, meðal annars vegna aksturs sviptur ökurétti og undir áhrifum fíkniefna. Var um að ræða fjórðu ítrekun (5. brot) á vímuefnaakstri og sjöttu ítrekun (7. brot) á sviptingarakstri, að teknu tilliti til innbyrðis ítrekunartengsla samkynja brota og tímaramma ítrekunaráhrifa miðað við dagsetningu á lokum fullnustu eldri dóma af sama toga, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Fullnustu dómsins lauk 14. júlí 2019 með samfélagsþjónustu. Að auki hefur ákærða margsinnis áður verið gerð refsing með dómum eða sátt fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Ekki eru efni til frekari reifunar á sakaferli ákærða.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot samkvæmt 1.–9. lið í fyrri ákæru og 1.–5. og 7. lið í síðari ákæru, allt eins og áður greinir. Um ákvörðun refsingar fer samkvæmt reglum um brotasamsteypu. Sakaferill ákærða horfir heilt á litið til refsíþyngingar. Til málsbóta horfir að ákærði hefur í nokkrum mæli játað sök samkvæmt ákærum. Ákærði sýndi í verki einbeittan brotavilja og horfir það til refsíþyngingar. Að öllu framangreindu virtu, ríkjandi dómvenju vegna ítrekaðra umferðarlagabrota, að því er varðar vímu- og sviptingarastur, og með vísan til 5. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Vegna sakaferils ákærða er ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 8. október 2022 til 2. desember sama ár og aftur frá 10. apríl 2023 til dagsins í dag vegna talsverðs hluta þeirra mála sem hér hafa sætt dómsmeðferð. Skilyrði frádráttar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga er atriði sem dómurinn gætir að án kröfu. Fyrrgreint gæsluvarðhald kemur til frádráttar refsingu sem nú er dæmd, eins og nánar greinir í dómsorði.

11.

Varðandi kröfu um sviptingu ökuréttar og upptöku:

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt samkvæmt fyrrgreindum dómi frá 15. maí 2017. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir fíkniefnaakstur samkvæmt 1.–6. lið í fyrri ákæru og 7. lið síðari ákæru, auk lyfjaaksturs samkvæmt 1. og 7. lið í fyrri ákæru. Að því virtu og

með vísan til þess sem áður er rakið um sakaferil ákærða, sbr. og 99. og 101. gr. laga nr. 77/2019, verður áréttuð ævilöng ökuréttarsvipting ákærða.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir fíkniefnabrot samkvæmt 4. lið í fyrri ákæru og 7. lið í síðari ákæru. Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 eru gerð upptæk samtals 18,95 g af amfetamíni.

12.

Varðandi sakarkostnað og fleira:

Vegna framangreindra málsúrslita ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, vegna vinnu fyrir dómi, sem þykja út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur, með virðisaukaskatti. Til þess kostnaðar teljast einnig málsvarnarlaun fyrri skipaðs verjanda ákærða, Jóns Egilssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ráðast af tímaskýrslu, 2.320.164 krónur, með virðisaukaskatti, og 13.400 krónur í aksturskostnað sama lögmanns. Vegna úrslita málsins, og að teknu tilliti til þess að fallið var frá hluta af ákæruliðum, verður ákærði dæmdur til að greiða fjóra fimmtu hluta framangreindra málsvarnarlauna og aksturskostnaðar, en fimmtungur sem út af stendur skal greiðast úr ríkissjóði. Þessu til viðbótar verður annar sakarkostnaðar samkvæmt yfirlitum ákæruvaldsins, 995.533 krónur, felldur á ákærða að fullu.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kristín Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Elvar Már Halldórsson, sæti í fangelsi í tvö ár. Til frádráttar refsingu með fullri dagatölu kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 8. október 2022 til 2. desember sama ár og frá 10. apríl 2023 til dagsins í dag.

Áréttuð er ævilöng ökuréttarsvipting ákærða.

Gerð eru upptæk 18,95 g af amfetamíni.

Ákærði greiði samtals 4.022.384 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs og eru þar innifaldir fjórir fimmtu hlutar málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, sem í heild nema 1.500.000 krónum, fjórir fimmtu hlutar málsvarnarlauna fyrri skipaðs verjanda ákærða, Jóns Egilssonar lögmanns, sem í heild nema 2.320.164 krónum, aksturskostnaður sama lögmanns, 13.400 krónur, og 995.533 krónur vegna annars sakarkostnaðar. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Daði Kristjánsson